

**Nd.**

**110. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Síðasta málsgrein 14. gr. laganna orðist svo:

Lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í fasta dómarastöðu eða skipa má í föst dómaraæti samkvæmt 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, skulu undanþegnir ákvæðum 6. tölul. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Með frv. þessu er ætlazt til, að lögfest sé að nýju sú undanþága frá prófraun til að öðlast héraðsdómsmálafærslurétt, sem gildi til gildistökudags laganna um málflytjendur, en það var 8. júlí 1942. Það verður ekki séð, að nein gild rök hafi legið til þeirrar breytingar, sem gerð var með lögnum um málflytjendur.

Nánar í framsögu.